

Ed.

198. Frumvarp til laga

[91. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, skal gilda til 1. marz 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgir því eftirfarandi athugasemd um málið:

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 muni eigi verða lokið fyrir 1. febrúar n. k., er með frv. þessu lagt til, að framlengd verði til 1. marz n. k. heimild sú, er felst í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.